

3. gr.

Stofnfé sjóðsins skulu verða allar eignir frá Sigríðar Guðfinnu Kristjónu Þórðardóttur Steffensen að henni látinni, samkvæmt erfðaskrá hennar dags. 1. febrúar 1977.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Anna Steinunn Sigurðardóttir, Drápuhlíð 39, Reykjavík og Marteinn Skaftfells, Hamrahlíð 5, Reykjavík svo lengi sem þeirra nýtur við.

Eftir að þau hafa látið af stjórn skipar stjórn Dýraverndunarfélags Reykjavíkur tvo menn í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á sem tryggastan hátt. Reikninga hans skal gera upp árlega og endurskoða af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheiti svo og annað fé er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að stuðla að dýravernd og dýraverndunarmálum hvers konar, þar á meðal með útbreiðslustarfsemi, einkum útgáfu blaðsins „Dagur dýranna“.

8. gr.

Í samræmi við ofangreindan tilgang má verja öllum vöxtum af eignum sjóðsins, en höfuðstól hans má ekki skerða.

9. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

AUGLÝSING**um nýtt fasteignamat.**

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur Yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- 1) Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellshreppi) skal matsverð íbúðarhúsnæðis hækka um 60% og verður framreikningsstuðull að því leyti 1.60. Matsverð atvinnuhúsnæðis skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55. Matsverð lóða og landa skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55.
- 2) Utan höfuðborgarsvæðisins skal matsverð fasteigna hækka um 50% og ákveðst framreikningsstuðull að því leyti 1.50.
- 3) Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur framkvæmt á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1979.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 405/1978 frá 14. nóvember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Gunnlaugur Claessen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 291 29. maí 1979.

1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður:

- k. Verð lyfja skal ávallt rita á lyfseðil. Verð umbúða samkvæmt reglum lyfja-verðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

2. gr.

6. gr. stafliður h orðist svo:

- h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

3. gr.

7. gr. stafliður a orðist svo:

- a. Lyfseðlar eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

4. gr.

7. gr. stafliður b orðist svo:

- b. Lyfseðill gildir aðeins fyrir eina afgreiðslu. Þegar lyf er afgreitt eftir lyfseðli skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal getið á lyfseðlinum.